

Veiðimálastofnunin, maí 1981
Þórir Dan Jónsson, Borgarnesi

Athugun á Ísafjarðará.

Þann 24/7 1979 og 26/7 1980 fór fram á vegum Veiðimálastofnunar athugun á lífsskilyrðum fyrir lax í Ísafjarðará. 1979 var rafveitt á einum stað í ánni og 1980 var rafveitt á þremur stöðum. Einnig var botngerðin lítillega athuguð.

Niðurstöður og ályktanir.

Hér á landi er það einkum hitastig sem takmarkar útbreiðslu laxins (þar sem laxgengt er þ.e.a.s.), en botngerð og straumlag-þættir sem eru mjög samtvinnaðir-hafa hinsvegar mest áhrif á lengdardreifingu seiða á hverjum stað og þar með dánartölu seiðanna. Þar sem botn er fingerður þrífast ekki stór seiði, og er grýttur botn forsenda þess að stór seiði geti þrifist (skjól og fæðuframboð er mest þar).

Laxaseiðin helga sér stað í ánni sem þau verja gegn ásókn annarra seiða.

Ain er fremur köld og vistfræðilega á mörkum þess að geta framleitt eigin lax. Sum ár virðist svo að seiði sem komi úr hrognri að vori nái ekki nægum þroska (stærð + holdafar) fyrir fyrsta vetur til að lifa hann af.

Í rafveiðunum veiddust svo til eingöngu seiði fædd 1977 (úr hrygningu 1976), tveggja ára gömul 1979 og þriggja ára gömul 1980. Neðst í ánni varð þó aðeins vart við seiði úr 1978 árganginum (tveggja ára 1980). Mynd 1 sýnir lengdar og aldusr dreifingu þessara laxaseiða.

Í Ísafjarðará má búast við því að seiðin komi seint úr hrognri í meðalárferði, og vaxtartímabilið þarfleitandi nokkuð stutt. Þegar fyrsti vetur gengur í garð eru mörg seiðin of smá til að lifa af

veturinn. Þegar þar við bætist að vorið 1979 var óvenju kalt má segja að veturinn 1978-1979 hafi verið venju fremur langur. Seiðin sem komu úr hrognri 1978 (eins árs 1979) hafa þá þurft að þola óvenju langan vetur og gæti þetta þýtt að flest öll seiðin hafi drepist þá um veturinn. Eldri seiðum hefur hins vegar farnast betur vegna meiri þroska. 1979 komu svo seiði úr hrygningunni 1978 óvenju seint úr hrognri vegna hins kalda vors, og þau hafa haft stuttan vaxtartíma til að undirbúa sig fyrir veturinn.

Ain er eitthvað heitari neðst og því gæti nokkur hluti seiðanna

úr 1978 árganginum hafa komið betur út þar en á efri hlutanum.


Í ísafjarðará er malarbotn ríkjandi að miklum hluta og eru skilyrði fyrir stór seiði léleg. Ofarlega í ánni er botninn þó orðinn grýttari, en áin er jafnframt köldust þar.

Verður því samkvæmt framansögðu að álykta að náttúruleg laxaframleiðsla í ánni eins og hún er núna geti aldrei orðið veruleg og líklega verða miklar sveiflur á laxagengd í ánni. T.d. má búast við því að seiðin sem klöktust út 1977 gangi út núna í vor og skili sér sem eins árs lax úr sjó árið 1982 (tveggja ára úr sjó 1983). Kannski hefur einhver hluti 1977 árgangsins gengið til sjávar 1980 og ættu þau þá að skila sér sem eins árs lax úr sjó í sumar. Eftir 1983 er svo hugsanlegt að laxagengd detti eitthvað niður vegna þess að tvo árganga vantar. Til þess að skýrsla þessi líti ekki út eins og "svarta skýrslan" viðfræga vil ég taka eftirfarandi fram. Miðað við það hve áin er köld, er vöxtur seiðanna sәmilegur, þ.e.a.s. flest seiðin öðlast sjögönguþroska fjögurra ára gömul, en ekki er óalgengt að seiðin séu fimm ár í á sem þessari. Ástæður þessa er ef til vil að finna í sambandi við lítinn seiðapéttleika sem hefur orðið til vegna þess að tvo árganga vantar svo til alveg. Samkeppnin um fæðuna verður því minni en ella, og seiðin fá meiri fæðu en annars hefði orðið. Hugsanlega er því 1977 árgangurinn sterkari en ella hefði orðið, og eins gæti 1980 árgangurinn orðið nokkuð sterkur og vaxið vel, kannski gæti einhver hluti hans náð sjögöngustærð við þriggja ára aldur. Þetta þarf þó að kanna nánar og mun ég reyna að fylgjast með framvindu mála.

Það hefur komið fram hugmynd um að sleppa sumaröldum seiðum til hliðar við ána, nálægt Svartabakka og er ég meðmæltur þeirri hugmynd. Einnig er hugsanlegt að sleppa seiðum ofarlega í ána þar sem botninn er grýttur, en náttúruleg laxaframleiðsla er hindruð vegna kulda og þarmeð dauða seiða á fyrsta ári.

Ég tel að það megi bæta fæðumagnið í ánni með gerð fæðutjarna og vísa ég í því sambandi til greinar eftir Rolf Gydemo og Jón Kristjánsson í 10 tbl. Freys frá maí 1980. "Fæðutjarnir og rotþrær".

24/7 1979




RAFK. ST. Á BRÖTI
FYRIR OFAN BLEIKJÖLN
100 m²


26/7 1980



RAFK. ST. SKAMMT
FYRIR NEDAN ÞÖRDAL
GIL
150 m²



RAFK. ST. CA. MÍÐJU
Á FIMMI SVARTARÓ.
100 m²



RAFK. ST. FYRIR
OFAN BRÚ
100 m²

LENGD Í sm

MYND 1. ÍSAFÖRÐARÓ.

LENGDAR OG ALDURSREIÐING RGFVEIDORA SEIDA
ÁRIN 1979 OG 1980

2+ TAKNAR TVEGAJA VETRA SÓMUL SEIDI
3+ II PRÍSSÍA II II II